

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „32.500 kr.“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í forsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 eru kynnt áform um að hækka skrásetningargjöld í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna og við það miðað að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum.

Í athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands, sagði að ákvæði um skrásetningargjaldið væri sambærilegt öðrum slíkum lagaákvæðum, svo sem ákvæði um efnisgjald í framhaldsskólalögum og ákvæði um skrásetningargjald í lögum um Háskóla Íslands.

Eftir að lögin frá 1997 um Kennaraháskóla Íslands tóku gildi voru samþykkt lög um Háskóla Íslands, nr. 41/1999 og lög um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, þar sem mun skýrar var kveðið á um það en áður til hvaða kostnaðar og þjónustupáttu skráningargjaldinu var ætlað að ná. Var skráningargjaldinu þannig ætlað að mæta kostnaði af margvíslegri þjónustu sem stúdentum yrði veitt á námstímanum. Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3805/2003, sem varðaði gjaldtöku vegna inntökuprófa í læknadeild Háskóla Íslands, var bent á að af gildandi lögum um Háskóla Íslands eða lögskýringargögnum yrði ekki ráðið að skráningargjaldið lyti beinlínis sömu lögmálum og þjónustugjald. Þannig kæmi fram í athugasemdum við frumvarpið er varð að lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, að gjaldið kæmi til endurskoðunar við afgangi fjárlaga ár hvert. Þá segi þar að gjaldið sé bókkfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og standi undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar megi sem dæmi nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum sé veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu þeirra í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil þeirra, upplýsingar um námsferil sem sendar séu stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsinga og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og

prófa, kennsluskra, stúdentaskírteini og þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennsluviðs, deildarskrifstofa, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjafar og bókasafns, og afnot af tölvupósti og prenturum háskólans. Bendir umboðsmaður á að löggjafinn hafi ákveðið að nemendur greiði við skráningu til náms sérstakt gjald sem sæti breytingum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Skráningargjaldi nemenda í Kennaraháskóla Íslands er ætlað að mæta kostnaði við samþæfilega þætti og í Háskóla Íslands, sbr. framangreint, og sama gildir um Háskólann á Akureyri. Í fylgiskjali I með frumvarpi þessu er að finna yfirlit frá Kennaraháskólanum yfir þá þjónustu sem gjaldinu er ætlað að ná til.

Ákvæði gildandi laga um skrásetningargjaldið er skýrt að því marki að ljóst er til hverra það nær og fjárhæðin er einnig ljós. Þegar fjárhæð gjalds er fastákveðin með þessum hætti og gjaldskylda er að öðru leyti skýr er að öðru jöfnu ekki ástæða til að gera greinarmun á því, hvort um skatt eða þjónustugjald er að ræða. Hins vegar verður að gera kröfu til þess að skýrar gangi fram í lögnum sjálfum hversu oft gjaldið er kræft og á hvaða tímabilum. Sem skattlagningarheimild væri svigrúm stjórnvalda til að hafa áhrif á þessi atriði meira en kröfur til slíkra heimilda leyfa, og með því að fastbinda fjárhæðina verður ekki úr lögnum lesið hvaða kostnaðarliðum gjaldinu er ætlað að mæta ef litið er á það sem þjónustugjald. Af þeim sökum er sérstaklega brýnt að skilgreint sé með ótvíráðum hætti í lögnum sjálfum hvenær gjaldið er kræft, þ.e. bæði hversu oft og á hvaða tímabilum. Er hið síðarnefnda sérstaklega brýnt vegna þess álags sem lögin heimila að lagt sé á gjaldið utan auglýstra skrásetningartímabila. Því gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir því að skýrt verði kveðið á um í 2. mgr. 4. gr. laganna að skrásetningargjaldið nái til heils skólaárs. Skólaárið telst frá 1. ágúst til jafnlengdar næsta ár. Kennsluárið skiptist í haustmissiri, vormissiri og sumarönn. Í framkvæmd hefur skrásetningargjaldið í Kennaraháskóla Íslands ætíð verið miðað við 12 mánaða tímabil og ef nemendur stunda nám einungis hluta af því tímabili greiða þeir skrásetningargjaldið hlutfallslega í samræmi við það. Við það er miðað í frumvarpi þessu.

Lagt er til að frumvarp þetta, verði það að lögum, öðlist gildi 1. janúar 2005 í samræmi við gildistöku dag fjárlaga 2005.

Fylgiskjal I.

Áætlaður kostnaður vegna skrásetningar og þjónustu við stúdentana í Kennaraháskóla Íslands skólaárið 2004–2005 sem ekki telst til kennslu. Miðað er við 2.300 skráða nemendur.

	Kostnaður á nemanda	Heildarkostnaður, verðlag 2004
Nemendaskrá, launakostnaður	9.191	21.140.000
Þróun nemendakerfis	1.087	2.500.000
Annar kostnaður við nemendaskrá	1.409	3.240.000
Auglýsingar um nám	261	600.000
Kennsluskra, bæklingar og póstur	1.043	2.400.000
Námsráðgjöf og kynningar	3.235	7.440.000
Samtals nemendaskráning	16.226	37.320.000

	Kostnaður á nemanda	Heildarkostnaður, verðlag 2004
Vinna við mat á umsóknum um nám (inntökunefndir o.fl.)	435	1.000.000
Prófstjórn og prófgæsla	2.609	6.000.000
Prófdómarar	209	480.000
Prófgögn	209	480.000
Samtals kostnaður við próf	3.461	6.960.000
Alþjóðafulltrúi og upplýsingar um nám erlendis	2.191	5.040.000
Aðgangur að tölvubúnaði, netum og kerfisþjónustu	7.304	16.800.000
Aðgangur að bókasafni	5.217	12.000.000
Ljósrituð námsgögn til nemenda	835	1.920.000
Samtals ýmis þjónusta við nemendur	15.548	35.760.000
Samtals skilgreindur kostnaður KHÍ	35.235	80.040.000
12% álag vegna húsnæðis og yfirstjórnar	4.146	9.535.200
Samtals KHÍ	39.381	89.575.200
Hluti stúdentaráðs samkvæmt samningi um verkefni	5.800	13.920.000
Samtals	45.181	103.495.200

Fylgiskjal II.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð skrásetningargjalds verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. á heilu skólaári. Útgjaldaheimild skólans í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 byggist á þeirri forsendu að skólinn nýti sér heimildina og afli 24 m.kr. meiri tekna sem renni óskertar til hans.